

Sp.

137. Tillaga til þingsályktunar

[110. mál]

um fullnýtingu fiskafla.

Flm.: Björn Dagbjartsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að láta nú þegar endurskoða lög nr. 81 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og lög nr. 32 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla, og reglugerðir útgefnar samkvæmt framangreindum lögum með það að markmiði að fiskiskip verði skylduð til að koma með að landi allan fiskafla af öllum tegundum, svo og allan þann fiskúrgang sem til fellur í veiðiferð, enda sé tryggt að allur sá aflafengur sé verðlagður af Verðlagsráði sjávarútvegsins.

Greinargerð.

Sú tillaga, sem hér er flutt, miðar að því að taka af öll tvímæli um heimildir til sjávarútvegsráðherra að skylda fiskiskip til að koma með að landi allan fisk allra tegunda svo og hvers konar fiskúrgang sem til fellur í veiðiferð. Í 12. gr. laga nr. 81 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, er bókstaflega gefið í skyn að fiski, sem ekki nær tiltekinni lágmarksstærð, megi ekki landa nema öðruvísi sé ákveðið. Greinin hljóðar svo:

„Ráðherra setur reglur um hvað eina, sem snertir framkvæmd laga þessara, svo sem um gerð, útbúnað og frágang veiðarfæra, um lágmarksmöskvastærðir netja og um lágmarksstærðir þeirra fisktegunda, sem landa mál. Skulu reglur um þessi ákvæði aldrei ganga skemmra en alþjóðasamþykktir um sama efni, sem Ísland hefur eða mun staðfesta fyrir sitt leyti.“

Í lögum um upptöku ólöglegs sjávarafla, nr. 32 19. maí 1976, segir m. a. í 1. gr. að ólöglegur sjávarafli sé sá afli eða hluti afla sem ekki nær lágmarksstærð þeirri sem ákveðin er í lögum, reglugerðum eða sérstökum veiðileyfum. Og í 2. gr. segir: „Ólöglegur sjávarafli skal gerður upptækur og andvirði hans renna í sérstakan sjóð . . .“

Eftir setningu þessara laga, sem fyrst og fremst hafa verið hugsuð til verndar smáfiski, kom fljótt í ljós að mikill misbrestur mundi vera á því að undirmálsfiskur kæmi yfirleitt að landi, heldur væri fleygt í sjó. Sjávarútvegsráðherra setti því í reglugerð nr. 262 1977 ákvæði um lágmarksstærðir fisktegunda. 1. gr. hennar hljóðar svo:

„Skylt er að hirða allan fisk af eftirtöldum tegundum, sem kemur í veiðarfæri íslenskra fiskiskipa: Þorskur, ýsa, ufsi, skarkoli, steinbítur og karfi.“

Þessari reglugerð var breytt 9. ágúst sama ár með því að orðið „skarkoli“ var felld niður og auk þess sett inn heimildarákvæði fyrir þá, sem stunda handfæraveiðar, til að sleppa í sjóinn þorski undir lágmarksstærð. Þessa síðustu undantekningu verður að telja eðlilega þar sem handfærafiski er í flestum tilfellum vel lífvænt þó sleppt sé frá borði.

Þrátt fyrir þessi ákvæði í lögum og reglugerðum um lágmarksstærðir fisktegunda hafa deilur um veiðar á smáfiski síður en svo hjaðnað. Hvað hæst risu þessar deilur í lok síðasta árs. Engin leið hefur verið að komast að hinu sanna í þessum efnum þar sem skort hefur sönnunargögn og staðhæfing staðið gegn staðhæfingu. Stuðst hefur verið við sögusagnir en þær hafa stundum verið sérstaklega þrálátar. Því hefur meira að segja verið haldið fram í blaðskrifum að hinar lélegu heimtur á þorskárgöngum, sem áttu skv. mælingum að vera sterkir, stafi af því að þessum tilteknu árgöngum hafi verið rutt fyrir borð sem 3ja ára undirmálsfiski. Ásökunum um smáfiskadráp hefur að langmestu leyti verið beint gegn togurum. Þó verður að teljast mjög ótrúlegt að togarar stundi eða hafi stundað smáfiskadráp í þeim mæli sem harðir gagnrýnendur hafa viljað vera láta. Hitt er svo annað mál að smáfiskur getur komið í vörpu togskipa, t. d. í fyrsta kasti á nýrri togslóð. Það hefur ætíð verið og verður framvegis háð dómgreind stjórnanda fiskiskips hvernig hann stundar veiðiskap með framtíðarsjónarmið í huga. Því verður ekki trúað að skipstjórar togskipa stundi vísvitandi dráp á undirmálsfiski í stórum stíl. Það verður heldur ekki séð að ákvæði um skyndilokanir og veiðieftirlitsmenn hafi getað eða geti hindrað slys í þessum efnum. Þá hefur því verið haldið fram að vegna ákvæða í lögum um upptöku ólöglegs afla sé smáfiski yfirleitt fleygt þó að hann sé allur dauður eða dauðans matur. Hér er um mjög ógeðfella sóun á verðmætum að ræða sem verður að hindra með lagabreytingum. Með því að greiða lágmarksverð fyrir undirmálsfisk, en setja jafnframt nýjar reglur um viðurlög vegna undirmálsfisks í afla, á það að vera tryggt að smáfiskur verði að verðmætum án þess að tapað sé neinum möguleikum til að koma í veg fyrir veiðar á smáfiski nema síður væri. Viðurlög við smáfiskadrápi gætu verið veiðileyfisvipting fyrir endurtekin brot, en ráðherra hefur boðað leyfisbindingu togveiða á næstunni.

Þá er það annar aðaltilgangur tillögunnar að tryggja betur nýtingu á fiskúrgangi, s. s. slógi, hrognum og lifur, og svokölluðum úrgangsfiski, t. d. kolategunda, gaddaskötu, blágómu, gulllaxi o. fl.

Nú er svo komið, og kunnara en frá þurfi að segja, að varla þarf að reikna með auknum fiskafli hér við land. Aukin verðmætasköpun í fiskiðnaði hlýtur því fyrst og fremst að byggjast á betri meðferð og nýtingu þess sem aflað er. Auk verðmætasköpunar eru það oft umhverfissjónarmið sem leiða til þess að farið er að huga að nýtingu úrgangsefna. Það er því miður fremur fátítt hér á landi enn sem komið er, en rétt er þó að hafa það í huga að mengunarvaldur reynist oft vera verðmæti á röngum stað. Slóg úr bolfiski, þ. e. þorski og ufsa, er að jafnaði talið vera um 15—20% af þunga fisksins upp úr sjó, þar af er þriðjungur lifur og þriðjungur hrogn eða svil í kynþroska fiski. Allt þetta hverfur í hafið frá togurunum. Þó að það sé að jafnaði e. t. v. eitthvað minna af innyflum í smærri þorski og þó að bolfiskafli togara verði ekki nema 200 þúsund tonn á ári, þá erum við samt að tala um nálægt 40 000 tonnum, þar af þriðjungurinn lifur eða um 10 000 tonn af lýsi að verðmæti um 150 milljónir króna á ári.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur í allmörg ár bent sérstaklega á eina leið til að nýta þessar aukaafurðir um borð í veiðiskipunum, og það er með svokallaðri **meltuvinnslu**. Þessi aðferð hefur verið ítarlega rædd og rakin víða, en hún byggist á því að blanda slóg og fiskúrgang sýru og láta síðan meltingarsafana um að leysa upp vefina í þykka súpu sem er rotvarin af sýrunni um leið. Meltuvinnsla um borð hófst í Vestmannaeyjatogara í sumar. Úr henni var framleitt meltuþykkni og selt til Gunnarsholts þar sem úr því voru gerðir fódurköggjar. „Fóður og fræ“ í Gunnarsholti mun nú byggja upp slíka fódurblöndunarstöð í stað þeirrar sem brann þar í haust. Þá er nýlokið við að setja fullkominn meltubúnað í Kambaröst SU, verið að setja sams konar tæki í Dagrúnu ÍS. Einn Akureyrartogari bíður eftir slíkri breytingu og fleiri hafa fengið teikningar og upplýsingar. Þó að e. t. v. verði ekki hægt að selja alla meltu í fódurstöðvar strax, þá er alltaf hægt að skilja lýsið úr í hvaða

fiskimjölverksmiðju sem er og þurrka eggjahvítu og steinefni í mjöl. Lýsið eitt ætti að duga fyrir afskriftum af búnaði og aflahlut en fyrirhöfn áhafnar verður engin umfram venjulega slægingu. Meltan sjálf er hrein aukageta sem getur orðið drjúg, ekki síst þar sem hægt verður að nýta svokallaðan ruslfisk og smáfisk sem menn slysast til að drepa.

Á Alþingi 1977 var samþykkt þingsályktunartillaga frá Sigurlaugu Bjarnadóttur þar sem skorað var á ríkisstjórnina að gera könnun á því hvernig fullnýtingu hrognna og lifrar yrði við komið. Svo er að sjá á útflutningsskýrslum að nýting hrognna hafi a. m. k. ekki dregist saman á undanförunum árum. Stafar það að nokkru leyti af því að áhafnir hafa fengið að hirða og salta hrogn um borð. En það verður því miður ekki sagt um lifrarnýtingu. Á árinu 1983 hefur Lýsi hf., langstærsti lýsisframleiðandi landsins, ekki tekið á móti neinni lifur frá togurum og árið 1982 voru það innan við 10 tonn. Heildarþorskalýsisframleiðslan var, þegar best lét á árunum fyrir 1965, 3,5–4% af heildar-aflamagni þorsks og ufsa, en hefur undanfarin 6–8 ár verið innan við 1%. Á met-aflaárinu 1981 má ætla að allt að 25 000 tonn af þorskalýsi, að núvirði um 400 milljónir króna, hafi farið til spillis. Þá má og benda á það að niðursuðuverksmiðjur hefur skort lifur til niðursuðu.

Einnig skal vakin athygli á þingsályktunartillögu Guðmundar G. Þórarínssonar o. fl. vorið 1981 um lífefnavinnslu, m. a. úr fiskinnyflum. Þessi og aðrar ofangreindar framleiðslugreinar úr fiskúrgangi eru og yrðu að öllum líkindum landbundnar og hráefnið verður því að koma að landi. Hins vegar er möguleiki á vinnslu um borð á úrgangsfiski og smáfiski í frystar afurðir, t. d. í refafóður eða marning með sérstökum vélasamstæðum. Við Íslendingar höfum nú eignast a. m. k. þrjú verksmiðjuskip sem geta unnið og fryst afla um borð. Við framleiðslu fiskflaka ganga u. þ. b. 60% af þunga slægðs fisks úr sem hausar og bein. Þó að beinaverð til fiskmjölsframleiðslu eða refafóðurs sé e. t. v. ekki ýkja-hátt þá er ótækt að láta henda slíkum úrgangi í sjóinn. Við má búast að frystitogurum fjölgi og gefur það auga leið hvernig umhorfs yrði á miðunum ef úrgangi frá 30 skipum væri fleygt á veiðislóðinni, en sjómenn annarra skipa telja úrgang þessara tveggja frystitogara þegar mjög áberandi. Því er nauðsynlegt að grípa þegar í taumana og skylda verksmiðjuskip til að hirða sinn úrgang og koma með að landi frystan, meltan eða þurrkaðan. Sams konar skyldur ættu að fylgja grásleppuveiðunum. Það er ófært að fyrir hverja tunnu af hrognum sé hálfu tonni af úrgangi fleygt í sjóinn.

Að lokum skal það ítrekað að til þess að megintilganginum með flutningi þessarar tillögu verði náð og allur fiskafli, sem veiðist, komi að landi er talið óhjákvæmilegt að fyrir hann sé greitt lágmarksverð. Í lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins er kveðið á um það að ráðið skuli verðleggja allan fiskafli. Það er þó mögulegt að á meðan verðlagsgrundvöllur er að skapast fyrir það sjávarfang, sem lögin skylda sjómenn til að flytja að landi, verði til að koma opinber ábyrgð á lágmarksgreiðslum til seljenda. Í því sambandi má benda á að löndunarkostnaður, ís o. fl. eru útgjöld sem ekki er hægt að horfa fram hjá.

Nú er unnið að endurskoðun á reglugerð um eftirlit og mat á ferskum fiski. Það skiptir miklu að þar sé tekið tillit til anda þessarar þingsályktunartillögu, ef samþykkt verður, t. d. að því er varðar skyldur sjómanna til að koma með slægðan fisk að landi að sumarlagi.

Í janúarlok s. l. skilaði nefnd undir formennsku Jóns B. Jónassonar skrifstofustjóra sjávarútvegsráðuneytisins drögum að frumvarpi til endurskoðaðra laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Frumvarpið var ekki lagt fram á síðasta þingi og munu frekari breytingar á einstökum greinum vera fyrirhugaðar. Það er nauðsynlegt að þær breytingar, sem gerðar kunna að verða á lögnum, taki mið af anda tillögunnar sem nú liggur fyrir ef samþykkt verður.